

Skýrsla stjórnar

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf., 7. maí 2024

Viktor Jens Vigfússon

Ágætu fulltrúar hluthafa og aðrir góðir aðalfundargestir.

Nú er að baki fyrsta heila rekstrarár endurnýjaðra bókasafnakerfa sem voru tekin í notkun um mitt ár 2022, en formlegri innleiðingu lauk þó ekki fyrr en um mitt síðasta ár. Eftir það tók við hefðbundinn rekstur og þjónustusamningur við framleiðanda, en ýmsum málum er snúa að úrbótum á virkni kerfisins var hins vegar komið í áframhaldandi farveg til úrlausnar.

Bókasöfn landsins hafa staðið frammi fyrir ýmsum áskorunum og ekki farið varhluta af tæknibreytingum undanfarinna ára. Á starfsárinu var sjónum beint sérstaklega að rafrænum safnkosti og verklagi fyrir kerfislega umsýslu hans í bókasafnakerfunum. Verkferill er nú til staðar hjá Landskerfi bókasafna, sem skilar rafrænu efni samtímis í birtingu miðlægt og í skylduskil í Rafhlöðu Lbs-Hbs.

Á tímabili létu margir blekkjast af þeirri talsýn að allt efni væri á „netinu“ og yrði þar aðgengilegt til framtíðar. Talið var nægjanlegt að setja útgefnar skýrslur á heimasíðu stofnunar, en heimasíður eru mjög óöruggur geymslustaður þar sem þær taka stöðugum breytingum og því glatast stór hluti efnis eða verður illa aðgengilegur. Víða hefur fjarað undan bókasöfnum stofnana og þekking á þessu sviði farið forgörðum innan þeirra. Því hefur víða farist fyrir að skrá útgefið íslenskt rafrænt efni í Gegni til að tryggja að það verði aðgengilegt almenningi og sérfræðingum um ókomin ár.

Landslag stjórnsýslunnar, ráðuneyta og stofnana er stöðugum breytingum háð. Við sameiningu stofnana gleymist mjög oft að huga að afdrifum rafrænnar útgáfu. Eldra efni verður iðulega forsjarlaust í nýrri stofnun með breytt hlutverk.

Undanfarna mánuði hefur orðið vart við nokkra vitundarvakningu og vilja nú framsýnar stofnanir aftur skrá og gera útgáfu sína aðgengilega í Gegni og leitir.is.

Ákall er um miðlæga rafræna geymslu fyrir söfnin, Koma þyrfti upp slíkum geymslustað sem hluta af bókasafnakerfinu og fjármagna rekstur hans.

Ársreikningur 2023

Jákvæður viðsnúningur varð í rekstri félagsins á árinu 2023 og rekstrarniðurstaðan 6,4 m.kr. hagnaður í stað 8 m.kr. taps á árinu á undan. Hátt vaxtastig vegur þyngst varðandi afkomu en fjármunatekjur hækkuðu um 6,8 m.kr. á milli ára.

Rekstrartekjur félagsins samanstanda af seldri þjónustu til bókasafna, sem eru að stærstum hluta í eigu ríkisstofnana og sveitarfélaga, og öðrum tekjum. Aðrar tekjur eru einkum vegna þjónustusamnings við Rekstrarfélag Sarps, en einnig var á árinu færður hluti styrks sem fékkst úr Bókasafnasjóði árið 2022. Rekstrartekjur ársins 2023 voru 223,1 m.kr. í samanburði við

195,8 m.kr. á árinu á undan. Tekjur vegna þjónustusamninga við bókasöfn jukust sem nemur 10,6% á milli ára.

Rekstrarkostnaður ársins 2023 var 226,2 m.kr. en var 210,1 m.kr. á árinu áður. Laun og launatengd gjöld námu um 57% af rekstrargjöldum ársins. Launakostnaður hækkaði um 15,6% á milli ára. Meðalfjöldi stöðugilda hækkaði um eitt. Þjónustusamningar vegna hugbúnaðar hækkuðu um 3,7% á milli ára, en á móti lækkaði hýsingarkostnaður um meira en helming á tímabilinu.

Hlutfé félagsins hélst óbreytt á árinu en það er 147,6 m.kr.

Eigið fé Landskerfisins nam 209,9 m.kr. í árslok 2023 en skuldir 29,1 m.kr. Heildareignir voru því 239 m.kr, eiginfjárhlutfall 88% og veltufjárhlutfall 6,4.

Nýja bókasafnakerfið var tekið í notkun um mitt ár 2022 og hófust þá afskriftir þess. Gert er ráð fyrir að kerfið verði afskrifað á átta árum sem svarar til samningstíma þess. Afskriftir kerfis á árinu 2023 voru 7,0 m.kr. og óefnislegar eigir nema 51,5 m.kr. í árslok. Ekki var fjárfest í nýjum hugbúnaði á árinu.

Ársreikningur félagsins var unninn af Fjárstoð ehf. en Ríkisendurskoðun sá um endurskoðun.

Eignarhald, stjórnun og fleira

Stjórn Landskerfis bókasafna var endurkjörin á aðalfundi sem haldinn var í maí 2023. Á fundinum var samþykkt 4,5% hækkun á þóknun stjórnar. Stjórnin hélt 10 fundi á liðnu starfsári.

Með breytingu sem var gerð á flokkun ríkisaðila í fjárlögum 2022 er Landskerfi bókasafna hf. nú flokkað í A3-hluta ríkissjóðs í stað C-hluta áður. Ekki bættust við nýir hluthafar á árinu 2023.

ÍSOR bættist í hóp viðskiptavina félagsins á árinu.

Aðgerðaráætlun menningar- og viðskiptaráðherra í málefnum íslenskrar tungu 2023-2026, nr. S-107/2023 var kynnt í Samráðsgátt island.is á árinu og sendi Landskerfið inn umsögn og er hún aðgengileg í gáttinni. Félagið sendi einnig umsögn til Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis í kjölfar þess að ráðherra mælti fyrir málinu á Alþingi og fór síðar á fund hennar. Í umsögninni sem varðar grein „11. Öflug skólabókasöfn“ segir m.a. „Landskerfið styður heils hugar þá hugmynd að farið verði í kortlagningu á safnkosti og starfsemi einstakra skólasafna með það að markmiði að stórefla þau en minnir á mikilvægi þess að innviðir safnanna verði styrktir til að tryggja sem besta nýtingu safnkostsins og þjónustu við nemendur. Mikilvægt er að skapa starfsfólki á söfnum svigrúm til að læra á og geta hagnýtt sér nauðsynlega innviði eins og Gegni í starfi sínu. Jafnframt þurfa kröfur um faglega þekkingu og tölvuhæfni að vera til staðar. Loks er bent á að æskilegt er að verklag um notkun safnkostsins í Gegni verði í grundvallaratriðum samræmt til að gera tölulegan samanburð á milli skóla og landshluta mögulegan.“

Mennta- og barnamálaráðuneyti er ábyrgðaraðili umræddrar greinar 11 og Landskerfi bókasafna er tilgreint sem mögulegur samstarfsaðili. Landskerfið vann greinargerð um safnkost, útlán og lánþegafjölda í grunnskólum fyrir umrætt ráðuneyti í aðdraganda áætlunarinnar.

Sameiginleg ráðstefna Landskerfis bókasafna og Upplýsingar, Gróska, var haldin á vordögum. Á meðal fyrirlesara var Benedikt Hjartarson prófessor í bókamenntasögu við HÍ og fjallaði erindi hans um kortlagningu íslensks bókmenntaarfs, en skráningar í Gegni voru lykiloggn í rannsókninni. Í pallborði var nútíð og framtíð bókasafna til umræðu og þar sátu fyrir svörum nokkrir forstöðumenn almenningsbókasafna og þróunarsviða hjá sveitarfélögum. Sama dag stóð Clarivate/ProQuest/Ex Libris fyrir vörukynningu. Einnig voru haldnir aðalfundir notandafélagsins Aleflis og Upplýsingar og var þar ákveðið að Alefli yrði gert að deild í Upplýsingu. Viðburðirnir mæltust vel fyrir og voru vel sóttir.

Norrænn samsráðshópur, svokallaður NNG hópur (e. Nordic Networking Group on bibliographic and infrastructure topics) fundaði í Reykjavík í apríl. Fundirnir voru haldnir í húsa- kynnum félagsins og í Þjóðarbókhöllu en bæði Landskerfi og Lbs-Hbs eru aðilar að samstarfinu.

Igelu notendaráðstefnan var haldin í Leuven í Belgíu í september og sendi félagið tvo fulltrúa á hana.

Gjaldskrármál

Rifja má upp að í upphafi árs 2022 voru gerðar breytingar á gjaldskrá og var tilgangurinn einkum sá að samræma viðmið á milli ríkis- og sveitarfélagasafna. Síðan þá breyttist gjaldskráin árlega í takti við breytingar á bæði neysluerðsvísitölu og íbúafjölda. Gjaldskrárhækkun frá 1. janúar 2023 nam 11,3%.

Á árinu 2023 tók Landskerfið í notkun stafræn bókasafnaskírteini fyrir farsíma. Ákveðið var að rukka aðildarsöfn ekki sérstaklega fyrir þá þjónustu þrátt fyrir að hér falli til rekstrar- kostnaður. Loks er vakin athygli á að frá innleiðingu nýs bókasafnakerfis eru ekki eru lengur innheimt viðbótargjöld vegna notkunar á SIP samskiptastaðli fyrir sjálfsafgreiðsluvélar eða afnot háskólanna að umsýslukerfi fyrir erlendar rafrænar tímaritaáskriftir líkt og áður var gert.

Starfsmannamál

Á sumarmánuðum fór Íris Alda Ísleifsdóttir í fæðingarorlof og var Rósa S. Jónsdóttir bóksafns- og upplýsingafræðingur ráðin til eins árs til að leysa hana af.

Farið var í árshátíðarrútuferð austur fyrir fjall á slóðir Ásgríms Jónssonar og heimsótt söfn þar sem lífi listmálarans og list voru gerð skil. Snæddur var kvöldverður á Eyrarbakka.

Fjöldi ársverka hjá félaginu var 10 í lok árs 2023.

Skráningaráð Gegnis

Skráning og skráningarheimildir í nýjum Gegni voru til umræðu á árinu. Snemmsumars stóð Landskerfið fyrir vel sóttum hugarflugsfundi um hlutverk og breytt viðfangsefni Skráningarráðs Gegnis í kjölfar kerfisskipta. Í framhaldinu var auglýst eftir framboðum til setu í skráningarráði þar sem sitja fjórir skráningarsérfræðingar. Lagt var upp með að einn væri fulltrúi þjóðbókaskráningar en hinir þrír kæmu frá öðrum safnakjörnum til að sem fjölbreyttust sjónarmið heyrir í umræðunni. Framboðin reyndust fleiri en sætin sem í boði voru. Lyktir urðu þær að eftirtalin tóku sæti í ráðinu í desember: María Bjarkadóttir, Sigríður Vilhjálmsdóttur, Sigurgeir Finnsson og Þorsteinn „Doddi“ Jónsson sem er formaður. Mörg mikilvæg verkefni bíða afgreiðslu skráningarráðs svo sem að móta gæðaeftirlit í einstökum safnakjörnum, stuðla að aukinni sjálfvirkni í skráningu og gæðaeftirliti, endurskoða hæfnisviðmið skrásetjara auk þess að setja reglur og móta verklag fyrir rafrænt efni og forðafærslur.

Ástæða er til að rifja upp að Þóra Sigurbjörnsdóttir starfsmaður Borgarbókasafns átti sæti í skráningarráði allt frá því það var sett á laggirnar árið 2003, lengst af sem formaður allt þar til hún hætti störfum í árslok 2023. Hún sinnti því starfi með stakri þrýði og eru henni færðar þakkir.

Bókasafnakerfin: úr innleiðingu í þjónustu

Rifjað skal upp að félagið rekur Gegni sem er bókasafnskerfi rekið á landsvísu, leitargáttina leitir.is, raf- og hljóðbókaveituna Rafbókasafnið og menningarsögulega gagnasafnið Sarp, sem er í eigu Rekstrarfélags Sarps.

Flestum er í fersku minni að um mitt árið 2022 var skipt um hugbúnað fyrir bókasafnakerfin og byggja þau nú á skýjalausnunum Alma og Primo frá Ex Libris sem tilheyrir Clarivate samsteypunni. Um er að ræða hugbúnaðarþjónustu, þ.e. leigður er aðgangur að kerfunum sem eru hýst í gagnaveri Ex Libris í Frankfurt í Þýskalandi. Samningurinn er til 8 ára með möguleika á framlengingu um önnur 4 ár þannig að samningstími verður lengstur 12 ár.

Á árinu var unnið að tilfærslu bókasafnakerfanna úr innleiðingu yfir í þjónustudeild Ex Libris. Útistandandi mál voru flokkuð og samið um afdrif þeirra. Formleg verklok innleiðingarinnar voru 8. ágúst síðastliðinn.


Líkt og sagt var frá á síðasta aðalfundi þá varð um það samkomulag á milli Ex Libris og félagsins að Ex Libris myndi senda tvo sérfræðinga til landsins og fara í vettvangsheimsókn á nokkur almennings- og skólabókasöfn í því skyni að átta sig á áskorunum sem mæta þessum söfnum í daglegri notkun þeirra á Gegni. Sérfræðingarnir komu í september og heimsóttu sjö grunnskóla- og almenningsbókasöfn auk Lbs-Hbs. Fljótlega tókst að ráða bug á nokkrum vandamálum svo sem hægagangi á sjálfsafgreiðsluvef grunnskólasafna auk þess sem ýmsar úrbætur voru gerðar á lýsigagnaritli. Önnur mál fóru til frekari greiningar hjá Ex Libris og síðla árs bauðst Landskerfinu að velja 5 atriði af niðurstöðulista heimsóknarinnar. Ex Libris mun þróa þær kerfisviðbætur sem þar um ræðir og verða þær á vegvísi árána 2024 og 2025. Enn er í gangi samtal á milli aðila um þessi mál.


Landskerfið réðst í nokkur þróunarverkefni á árinu. Stafrænt bókasafnakort Landskerfis bókasafna fyrir veski í snjallsíma var tekið í notkun. Lausnin byggir á hugbúnaði frá Smart Solutions og er samþætt við Gegni og island.is. Lánþegar sækja skírteinin með því að auðkenna sig með rafrænum skilríkjum á island.is og síðan eru upplýsingar eins og nafn og strikamerki sóttar í Gegni en engar lánþegaheimildir fylgja kortinu. Þróað var skýjaforrit í Gegni sem gerir starfsmönnum grunnskóla kleift að prenta út lánþegakort nemenda. Sjálfsafgreiðsluvefur fyrir framhaldsskóla leit einnig dagsins ljós.

Settur var á laggirnar vinnuhópur um rafrænt efni með það verkefni að leggja línurnar varðandi verklag fyrir skráningu og meðhöndlun rafræns efnis í nýjum Gegni en kerfið býður upp á mikla möguleika á þessu sviði. Alkunna er að rafrænn safnkostur er í mikilli sókn en enn er landslagið fyrir umsýslu hans nokkuð flókið. Vinnulag er ólíkt eftir því hvort um er að ræða rafrænar áskriftir, annað rafrænt efni, opið eða lokað eða rafrænt íslenskt efni svo nokkuð sé nefnt.

Námskeið og leiðsögn

Eftir innleiðingu Gegnis í júní 2022 var gríðarleg eftirspurn eftir kennslu og leiðsögn. Margir starfsmenn bókasafna komu nokkrum sinnum á hvert námskeið auk þess sem boðið var upp á einstaklingsaðstoð. Myndir neðan sýna fjölda nemenda og námskeiða frá maí 2022 til apríl 2024 og tegundir námskeiða. Alls voru þetta yfir 200 námskeið sótt af um 3000 manns. Flest voru námskeiðin í aðföngum og tímaritahaldi sem starfsfólki bókasafnanna þótti erfiðast að ná tókum á.





Haustið 2023 var bæði boðið upp á fjar- og staðarnámskeið til að koma til móts við óskir starfsfólks safna sem hafði kvartað yfir fjarnámskeiðunum og vildi mæta á staðinn. Reynslan af þessu varð hins vegar sú að illa var mætt á flest staðarnámskeið svo að ljóst er að námskeiðshald verður eftirleiðis á vefnum nema í sérstökum tilfellum.

Ný þjónustugátt sem opnuð var á árinu og samtenging leiðbeininga við Gegni hefur bætt aðgengi og miðlun leiðbeininga. Einnig eru námskeið tekin upp og gerð aðgengileg.

Tölfræði Gegnis

Megin stefið í árslokátölfræði Gegnis fyrir árið 2023 eru að útlán standa nokkuð í stað á milli tveggja seinustu ára. Heildarútlán hafa ekki náð sér á strik eftir Covid árin og halda áfram að lækka.

Útlán í Gegni eftir safnakjörnum er mjög mismunandi eftir eðli safna, t.d. dragast útlán mikið saman hjá háskólunum enda byggir þeirra þjónusta í æ meira mæli á rafrænu efni.

Almenningsbókasöfn og grunnskólar bera uppi útlánin en rúmlega 90% af öllum útlánunum eru framkvæmd þar.

Lykiltölur fyrir Gegni í árslok 2023 eru:

Eintök	5.829.591
Útlán	2.279.376
Lánþegar	161.966

Lykiltölur Gegnis 2018-2023 líta svona út:

Ár	Útlán	Eintök	Titlar
2018	3.076.653	5.956.964	1.255.868
2019	3.130.075	5.893.002	1.285.496
2020	2.423.285	5.881.064	1.272.530
2021	2.723.820	5.847.255	1.269.424
2022	2.342.939	5.818.934	1.298.700
2023	2.279.376	5.829.591	N/A

Vinsælustu bækurnar fyrir Gegni sem heild eru samkvæmt hefðinni barnabækur.

Vinsælasta bókin er „Hundmann: taumlaus“ eftir Dav Pilkey en „Hundmann“ bækurnar eru í tveimur efstu sætunum en síðan tekur „Kiddi klaufi“ við. Þess má geta að mest lánaða íslenska skáldsagan „Reykjavík

glæpasaga“ eftir Katrínu Jakobsdóttur og Ragnar Jónasson var í 31. sæti yfir vinsælustu bækurnar 2023.



Útlán Rafbókasafnsins aukast hægt og rólega. Framboð á íslenskum titlum hefur aukist sem skilar sér í útlánatölum.

Flokkur	2019	2020	2021	2022	2023
Heildarfjöldi útlána	23.613	28.979	27.329	25.422	29.769
Þar af íslenskt efni	N/A	N/A	2.923	3.046	4.106

Rekstrarfélag Sarps

Á árinu bárust tilboð frá sex bjóðendum fyrir arftaka núverandi Sarps. Þrír voru valdir til að leysa fyrirfram skilgreind verkefni og voru úrlausnirnar lagðar í dóm valinna Sarpsnotenda og vigtuðu niðurstöðurnar í lokaekunn. Gleðilegt var að sá bjóðandi sem kom best út úr notandaprófunum var jafnframt sá aðili sem fékk hæsta lokaekunn í útreikningum Ríkiskaupa. Um var að ræða fyrirtækið Zetcom GmbH sem bauð MuseumPlus hugbúnaðinn. Samningur Rekstrarfélags Sarps við Zetcom var undirritaður að hausti. Innleiðing kerfisins stendur yfir þegar þessar línur eru ritaðar og er þar að mörgu að hyggja.

Lokaorð

Fyrir hönd stjórnar Landskerfis bókasafna færi ég öllu starfsfólki Landskerfis þakkir fyrir alúð við störf á liðnu annasömu ári, og jafnframt samstarfsfólki þeirra á bókasöfnum og öðrum sem hafa veitt aðstoð. Sveinbjörgu Sveinsdóttur framkvæmdastjóra færi ég sérstakar þakkir fyrir áframhaldandi styrka daglega stjórn á félaginu, auk góðrar upplýsingagjafar til okkar í stjórn. Ég óska Landkerfi velfarnaðar við áframhaldandi framþróun á kerfum og þjónustu til bókasafna og annarra viðskiptavina. Að lokum þakka ég meðstjórnendum mínum, Árna Konráð Bjarnasyni, Ingibjörgu Steinunni Sverrisdóttur og Pálínu Magnúsdóttur ánægjulegt og faglegt samstarf.